

Listaháskóli Íslands
Tónsmíðadeild
Almennar tónsmíðar

Mishljómur í íslenskri menningu?

Margrét Kristín Blöndal
Leiðbeinandi: Elín Anna Ísaksdóttir
Vorönn 2013

Útdráttur

Hann brúar bil milli fortíðar og framtíðar. Hinn sískapandi listarmaður Magnús Þór Jónsson er til umfjöllunar. Tónsmíðaaðferðir hans, sköpunarferli og viðhorf hans til verkanna.

Megas er tónlistarmaður sem alltaf hefur vakið upp sterkar tilfinningar hjá áheyrendum sínum. Ferill hans er einstakur í íslenskri tónlistarsögu. Megas hefur haft mótandi áhrif á sýn mína og margra annarra í lífi og list í gegnum árin. Mikilvægi hans í íslenskri menningu í fortíð, nútíð og um framtíð verður seint ofmetið. Nú þegar liggur eftir hann stórkostlegt safn verka. Spurningum verður velt upp um hvernig er sköpunarferlinu er háttað, hvaðan hann sækir sín áhrif og hver sérstaða hans er meðal dægurlagahöfunda. Megas er einn afkastamesti lagasmiður sem um getur í íslenskri dægurtónlistarsögu. Hann hefur umturnað menningararfinum og rutt honum nýjar brautir. Hann brúar bil milli fortíðar og framtíðar. Hann spyrðir saman hefðbundnar tónsmíðaaðferðir fyrri alda um leið og hann tekur mið af dægurlagatónlist bæði fyrri og seinni hluta 20. aldar. Vangaveltum um tengsl Megasar við mishljóma verður velt upp. Leitast verður við að skýra þá þætti sem líta má á sem sérkenni tónlistarmannsins. Aðferðafræðin sem liggur að baki sköpunarverkinu verður skoðuð með tilliti til helstu áhrifavalda og viðhorfa listamannsins til listarinnar og sýnar hans á eigin verk. Í ritgerðinni er aðallega stuðst við viðtöl sem ég átti við Megas haustið 2012 en einnig er stuðst við prentaðar heimildir, bækur og blaðaviðtöl sem við hann hafa verið tekin auk annarra munnlegra heimilda.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Efnisyfirlit	3
1. Inngangur	4
2. Magnús Þór Jónsson	4
2.1 Upphafið	6
3. Tónsmíðarnar	13
3.1 Aðferðafræði	13
3.2 Útsetningar	16
3.3 Önnur viðfangsefni	20
4. Niðurlag	25
Heimildaskrá	26

1. Inngangur

Magnús Þór Jónsson, best þekktur undir listamannsnafninu Megas, er einn þekktasti og jafnframt umdeildasti tónlistarmaður okkar Íslendinga. Skáld sem rótar upp í okkur, vekur upp sterkar tilfinningar, aðdáun, hneykslun, jafnvel fordóma. Það segir sitt um listamanninn. Með öðrum orðum, hann kemur við okkur. Ekki einungis með sköpun sinni heldur og einnig tilveru og atferli. Nær að koma við okkar næmustu bletti.

Kynni mín af Megasi og tónlist hans hafa varað síðan ég var barn að aldri, samband okkar hefur aukist, rofnað, auðgast, styrkst og dafnað. Hann hefur haft afar mótandi áhrif á sýn mína á líf og list í gegnum árin og sannfærð er ég einnig um áhrifamátt hans og megin á fjölmarga aðra að maður tali ekki um mikilvægi hans í íslenskri menningu í fortíð, nútíð og um framtíð.

Mikið hefur verið rætt og ritað um textagerð Megasar og er það vel. Minna hefur farið fyrir umfjöllun um tónlistina sjálfa, sem í engu er þó ómarkverðari. Full ástæða er til að rýna í sjálfar tónsmíðaaðferðir og feril sem er einstakur í tónlistarsögu okkar. Ætlunin hér er að skyggjast inn í tónsmíðabátt sköpunarinnar þótt ljóst megi vera að tónsmíðar Megasar verði seint aðskildar frá ljóðagerðinni. Gefa yfirlit yfir tónsmíðaferil Megasar og tónsmíða-aðferðirnar, helstu áhrifavalda og viðhorf hans til listarinnar og sýn á eigin verk.

Í ritgerðinni er aðallega stuðst við viðtöl sem ég átti við Megas haustið 2012 en einnig er stuðst við prentaðar heimildir, bækur og blaðaviðtöl sem við hann hafa verið tekin auk annarra munnlegra heimilda.

2. Magnús Þór Jónsson

Magnús Þór Jónsson er fæddur í Reykjavík þann 7. apríl 1945. Hann er sonur hjónanna Jóns Þórðarsonar, barnakennara og Þórunnar Elfu Magnúsdóttur, skáldkonu, annað í röð þriggja barna þeirra. Hann steig sín fyrstu skref á heimili fjölskyldunnar í Norðurmýrinni og gekk í Austurbæjarskólann. Þar sat hann í bekk undir handleiðslu föður síns sem kenndi alla tíð við skólann, með börnum sem voru ári eldri en hann sjálfur.

Ég var svo ofvirkur þegar ég átti að fara í barnaskóla að faðir minn þorði ekki að senda mig til annars kennara svo hann setti mig sjö ára í átta ára bekk. Ég vissi ekki almennilega hver ástæðan var fyrir því að hann skyldi gera þetta því bróðir minn fór til kennslukonu, mjög

góðrar og allt í lagi með það. Hann vissi alveg að flestir kennarar í þessum skóla voru mjög góðir en hann treysti mér ekki fyrir neinum þeirra. Vissi það að þótt ég væri vanvirkur á sumum sviðum þá var ég ofvirkur á öðrum og gat átt til allan djöfulinn. Hann vildi fá að halda utan um það bara sjálfur. Hann var mildur við mig á veturna þangað til kom að prófi, þá þyngdust svona á honum brýrnar því ég var svo latur og hyskinn. Og þá þurfti hann ekki að segja neitt, hann þurfti bara að þyngja brýrnar. Hann var búinn að láta mig vita það að ef ég stæði mig ekki í mínum bekk og væri mjög aftarlega á merinni þá myndi Arnfinnur skólalastjóri hafa keis til þess að láta færa mig eitthvert annað.¹

Hægt er að hugsa sér að það hlutskipti að vera yngri en hinir hafi að einhverju leyti sett mark sitt á Megas og haft móttandi áhrif á hann sem barn og síðar fullorðinn mann. Hægt er að hugsa sér að sambland þessara tveggja þátta, það að vera yngri en félagarnir í bekknum og hin ósýnilega krafa um að hann stæði sig vel, jafnvel betur en aldur og þroski sögðu til um, hafi mögulega orðið krafa sem varð nokkuð yfirþyrmandi.

Æska mín var óreiðukenndari en ég ímyndaði mér lengi vel. Svo fóru málin að skýrast fyrir mér seinna svona þegar ofvirkni fer að bera á góma.²

Hann upplifði sig lítinn, jafnvel nokkurn „lúser“ eins og hann hefur sagt frá sjálfur, með mikla víðhygli, jafnvel athyglisbrest. Lýsing á drengnum Magnúsi Þór í bókinni *Sól í Norðurmýri*³ er til að mynda á þessa leið:

Þíslin [Megas] er allt öðruvísi. Hann er svo hallur undir draumferðalög. Jafnvel í miðri setningu kennarans, eða einhvers sem talar, heyrir hann það sem kveikir í honum og leggur þegar af stað. Hann heyrir ógjarnan það sem fólk segir – nema hálfu leið. Þíslin horfir á fólkið og athyglin festist þar. Honum finnst niðurlæging að þurfa að hafa fyrir námi, en getur ekkert lært nema margskrifa það niður. Þíslin er ekki eins gáfaður og þau halda. Hann er með afvíkjandi hugsun, innbyggða skjálgaftöðu til hlutanna og svo mikla draumeinbeitingu að allt verður undan að láta.

Þarna þykir mér sem merki um innhverfan huga Megasar séu þegar komin fram. Hugsanlega er þetta flóttaleið barnsins sem upplifir sig getuminna í samanburðinum við þau sem í kringum hann eru. Barn sem bregður á það ráð að hverfa inn í sinn eigin heim. Í öllu falli veltir það upp þeirri hugsun hvort þetta sé upphafið að tilhneigingu þeirri sem svo einkennir líf hans allar götur síðan, það að hverfast inn í eigin huga og finna sér helst féлага í orðum og tónum, og virðast kannski af þeim sökum oft vera einhvern veginn á skjön við umhverfið,

¹ Viðtal MKB við Megas í október 2012

² Viðtal MKB við Megas í október 2012

³ Þórunn Valdimarsdóttir-Megas, *Sól í Norðurmýri*, 1990, bls. 45.

jafnvel upp á kant. Víst er að Megas hefur frá upphafi unnið einn að sinni tónlistar-, ljóð- og myndsköpun. Það var aldrei hluti af félagslífi hans. Hann hefur sjálfur lýst því svo:

Nota bene, það var enginn í mínum koppi að pæla neitt í svona hlutum, þetta var alger privatiðja. Ég deildi þessu ekki með neinum. Það bendir til einhverfunnar. Vera ofvirkur með einhverfu, vera í einhverri veröld sem maður getur sætt sig við að vera bara einn í en maður líður heldur engum að fara inn í hana til að ráðskast eitthvað með hana. Þetta er sem sagt ekkert samspil við neinn eða neitt, nema við upplýsingarnar sem maður hefur.⁴

Tónlistin er sum sé ekki samspil við annað fólk eins og hann segir. Hann er ekki að leika sér með fólki í hljómsveit, deilir ekki áhugamálinu tónlist með öðrum. Hann er einfari sem grúskar í nótum sem hann lærir að lesa. Tónlistarsköpunin verður glíma sem hann á ætíð fyrst og fremst við sjálfan sig.

2.1 Upphafið

Til að byrja með hafði Megas ekki mikinn áhuga á tónlist. Heima við var engin eiginleg tónlistarhvatning. Teikning átti huga hans allan í barnæsku, myndlistin kom langt á undan tónlistinni.

Ég keyrði mig bara inn í teikningar. Heimstyrjöldin seinni stóð hjá mér til fimmtíu og fimm, tíu árum lengur. Ég kundi ekki að skrifa en teiknaði einhverjar myndir sem eru nokkuð óskiljanlegar nema að það eru allir að drepa alla. Svo voru foreldrar mínir stundum að biðja mig um að teikna eitthvað friðsælt eins og bóndabæ uppi í sveit. Og ef þau gátu húkkað hana nógu fljótt úr höndunum á mér þá gátu þau kannski náð sveitabæ út úr hendinni en ef myndin aðeins ílentist hjá mér þá voru komnar fallhlífar og þá voru komnir skriðdrekar í túnin og allt á fullu, allur djöfulskapurinn sem seinna kom í Víetnam.⁵

Þegar hann er um það bil tíu ára kemur píanó inn á heimilið og það kveikir áhugann hjá honum á tónlistinni.

Ég hafði að vísu sönglað dægurlög þegar ég var krakki og var frægur og hæddur fyrir það að fara alltaf vitlaust með textana, ég heyrði þá vitlaust og söng hástöfum einhverja vitleysu.⁶

Þannig eru þá fyrstu minningar Megasar sem tengdar eru tónlist. Hann fór fyrst að skrifa nótur á myndlistarforsendum eins og hann segir sjálfur, var smátíma að átta sig á því að punktar á

⁴ Viðtal MKB við Megas í október 2012

⁵ Viðtal MKB við Megas í október 2012

⁶ Viðtal MKB við Megas í október 2012

línu höfðu einhverja þýðingu og þróunin varð sú að hann fór að leika sér með þessa punkta og fantasían varð að námi. Ramminn utan um myndina varð að nótnalínunum og stríðsmennirnir að nótum. Skyndilega var hann svo farinn að lesa þessar nótur og fljótlega var drengurinn Magnús Þór kominn upp í rúm með nótnabók til að lesa fyrir svefninn. Áhuginn var þó ennþá fyrst og fremst myndlistarlegur.⁷

Um þetta leyti upplifði hann mikinn umbreytingartíma þegar tveir grundvallaráhrifavaldar komu inn í líf hans. Þeir ruddu brautina inn á áhugasviðið sem síðar varð honum að lífsins viðfangsefni. Þetta voru þeir Halldór Kiljan Laxness og Elvis Presley.

Upphafsstafir þeirra mynda í sameiningu orðið HELP og þeir frelsuðu mig frá heimsstyrjöldinni. Halldór með þessu rosalega orðaflóði og Elvis með negragaldráþulunum. Það var kannski ekki mikil orðgnótt í þeim þulum en hann gæddi þær lífi og það hreif mig og svo þessi ægilega flóðbylgja af orðum hjá Laxness með krassandi orðum sem að stigu svona upp, allur flaumurinn. Bæði innrætti hann mér mælg, að geta verið með orðaskrum og svona nokkuð og líka að geta höggvið allt af því og geta komið með hugsunina bara alveg tæra. Ég kveikti einhvern veginn á þessu þarna, án þess að vita um hvað var að ræða.⁸

Þetta varð vendipunktur í lífi Megasar. Hann hlustaði á Laxness lesa í útvarpið um leið og hann studdi með fingri á prentuðu útgáfunni af bókinni til að fylgjast með. Megas hjó eftir því að skáldið átti það til að notast við önnur orð í upplestrinum en þau sem stóðu í bókinni.

Hann er þarna að lesa bókina, hefur nú tæpast farið yfir hana áður til að breyta einhverjum orðum, svo bara kemur eitthvað allt annað orð upp í hugann á meðan hann er að lesa og hann bara lætur það flakka!⁹

Þetta var enn ein mikilvæg uppgötvun fyrir Megas. Þarna varð upplesturinn að verðmætum, hinu dýrmæta bútleggi sem síðan hefur einnig skipað stóran sess í lífi hans og list. „Performans“, þessi „læf“ upplifun sem hann varð þarna vitni að og hreifst svo af. Það að hægt væri að leika sér með hið skrifaða orð, fabúlura með það á staðnum, í upplestrinum. Þetta verður eitt af því sem Megas síðan tileinkar sér mjög, einkum þegar hann kemur fram. Hann breytir textum sínum iðulega eftir því sem honum finnst við eiga hverju sinni. Að sama skapi má sjá þar þau miklu áhrif sem Presley hefur haft á hann sem „performer“. Hann leit sem lítill drengur til stöðu Presleys, vörubílstjórans, „lúasersins“ sem „meikaði“ það,

⁷ Viðtal MKB við Megas í október 2012

⁸ Viðtal MKB við Megas í október 2012

⁹ Viðtal MKB við Megas í október 2012

samsamaði sig honum á einhvern hátt. Sá fyrirmyndina í honum, hvernig ímynd hans var sviðsett. Páll Baldvin Baldvinsson hefur þetta að segja um list Megasar.¹⁰

Magnús er náttúrulega þeirrar kynslóðar listamanna sem áttar sig alveg vel á því að hann þarf að sviðsetja sig [...] hann stillir sér upp á ákveðinn hátt. Hann ætlar sér ekki að vera neinn fermingardrengur. Hann ætlar sér að verða „rebbel“. Hann ætlar sér að verða uppreisnarmaður og stillir sér upp þannig og býr til mýtuna í kringum sjálfan sig, að sumu leyti held ég vís- vitandi. Og hefur stýrt henni mjög miskunnarlaust síðan.

Þetta má sennilega að mörgu leyti til sanns vegar færa þótt ekki sé heiglum hent að henda reiður á hvað er tilviljun eða skipulag í þessu efni. Hann kom auga og eyra á snilldarlega túlkunina í söngnum hjá Elvis. Elvis var enginn hálfgildingstúlkandi. Honum hugnaðist það og valdi þá leið að vera það ekki heldur. Það má telja að þessar uppgötvanir hafi skipt sköpum fyrir Megas á þessum tíma.

Þetta voru bara helgir menn í mínum augum sko þótt þeir væru ekki mjög líkir. En þeir svona, má segja, bjuggu mig til. Ég fór að fá áhuga á fljóðbylgjum af orðum og líka hnitmiðuðum orðum og svo túlkun á þeim og það var svo mikil hreyfing í hverju orði hjá Presley. Hann gat tekið hvaða lag sem var, hversu ómerkilegt sem það var og gert það að flottu lagi. Það var snilldin. '56 var hann búinn að gefa út tvö hittlög og ég held að ég hafi náð þriðja hittlaginu „Don't be cruel“ og það skaut mig í mark! Þetta hafði þau áhrif að, af því ég sá Presley fyrir mér sem djöfull mikinn lúser í raun og veru, svona menntunarlaus vörubílsstjóri, white trash, og að ég sá að lúserinn gat komist inn í spotlætið og orðið aðal, og það passaði mér. Mér fannst ég vera soldill lúser, ég var einu ári yngri en bekkjarfélagar mínir og var minni og óþroskaðri en þeir af þeim sökum.¹¹

Þarna varð til sú magnaða uppgötvun og aðdáun á meðförum orða og tóna sem settist að í kerfinu hjá honum og varð smám saman að inntaki lífsstarfs hans og helsta ástríða. Þegar hljóðfæri kom svo inn á heimili fjölskyldunnar fór Einar, eldri bróðir Megasar strax að læra á það og iðkaði námið af kostgæfni. Megas eygði hins vegar tækifæri í þessu „fyrirbæri sem gat framkallað einhverja tóna“ til að komast lengra við nótalesturinn sem hann var farinn að hafa áhuga á. En hann fór ekki strax að læra að spila á það.

Áður en ég fór að fara í nokkra kennslu þá var ég farinn að semja lög og þá samdi ég einn menúett sem er nú reyndar týndur núna. Þetta var bara menúett samkvæmt menúett formúlunni. Bróðir minn var að læra menúetta eftir Bach og ryþminn í menúettinum var jú auðþekktur. Og honum þótti þetta svo merkilegt að ég, yngri bróðirinn þyrfti að vera að búa eitthvað svona til að hann fór með nóturnar til kennarans til að sýna honum. Píanókennarinn

¹⁰ Páll Baldvin Baldvinsson 2012.

¹¹ Viðtal MKB við Megas í október 2012

var mjög beiskur maður. Hann renndi augunum yfir þetta og fór yfir að píanóinu og sagði svo „neh, þetta hefði Mozart getað gert svona 5 ára“ Svo flutti bróðir minn mér þessi tíðindi og ég veit ekki alveg hvort hann fattaði almennilega hvað þetta þýddi en ég hugsaði með mér, nú Mozart hefði gert þetta þegar hann er fimm ára, ég er tólf ára, það er sjö ára munur. Ef ég verð fjórtíu og fjögurra ára þá verð ég jafnstór og Mozart. Bara sjö árum á eftir honum.¹²

Þarna stillti hann greinilega framtíðarsýn sinni upp í mögulegt tónlistarsamhengi. Hugurinn var á fleygiferð og augljós dæmi voru komin fram um forvitnina, sem hjá Megasi var þarna vakin, um formgerð tónlistarinnar og tónlistarsköpun. Menúettinn var sem sagt upphafið og sló tóninn. Honum fannst það áhugavert að reyna sig við þekkt form og kynnti sér þau til að byrja með lestri nótnabóka án þess að nota hljóðfæri. Það má teljast nokkuð óvenjulegt. Svo skrifaði hann tónlistina beint á blað, ungur pilturinn. Sú hefur æ síðan verið ein helsta vinnu-aðferð Megasar við tónsmíðar. Strax á þessum tíma hóf hann að gera alls kyns tilraunir.

Ég vissi ekkert hvað ég var að fara út í þegar ég fór að apa eftir þessum nótum, en einhvern veginn eftir bara örstuttan tíma þá kunni ég þær sem nótur. Ég sagði þér frá því að ég prófaði að snúa nótum á hvolf og láta bassann vera sönglínuna. Þá var ég kannski aldrei með réttu tónlistina til þess að það gæti gengið upp eða svoleiðis, en þegar ég var búinn að prófa það og sjá hvað maður þurfti að hagræða miklu og breyta, þá fannst mér alveg sniðugt að gera þetta bara alveg frá grunni. Því þegar ég fór að líta í kringum mig eftir því hvað ég gæti sungið þá sá ég bara ekki neitt svo ég fór að búa til. Ég fór að búa til bara út úr neyð.¹³

Hvatinn að því að fara að semja sjálfur var kominn fram. Hann las sér til í nótnabókunum og gerði strax tilraunir með eigin tónlist. „Gamli sorry Gráni“ var eitt hans fyrsta lag, samið árið 1957 þegar Megas var á tólfta aldursári, samið um gamlan jálk í skúr í Öskjuhlíð. Laglínan gaf tóninn á skemmtilegan og áhugaverðan hátt fyrir það sem koma skyldi. Hún var nokkuð segjandi um hæfileika drengs sem ekki hafði stundað tónlistarnám af nokkru tagi nema nótnalestur af sjálfsdáðum.

Hann samdi líka lög við þó nokkurn hluta *Kvæðakvers* Halldórs Kiljan Laxness. Til dæmis við kvæðið „Ég er brott frá þér bernska“, en við það lag samdi hann síðar nýjan texta sem nefndist „Fátækleg kveðjuorð“ og gefið var svo út, löngu síðar, á plötunni *Á bleikum náttkjólum* árið 1977. Ástæðan var sú að hann vildi halda áfram að flytja melódíuna sjálfur á tónleikum og þá hugnaðist honum betur að eiga bæði, lag og texta.¹⁴ Áhugavert er að setja upprunalega kvæðið við lagið og máta það á nýjan leik, við lag sem orðið er jafnrótgróið í

¹² Viðtal MKB við Megas í október 2012

¹³ Viðtal MKB við Megas í október 2012

¹⁴ Viðtal MKB við Megas í október 2012

„repetoire“ Megasar og raun ber vitni. Einnig samdi hann lag við ljóðið „Bráðum kemur betri tíð“ og notaðist ansi lengi við texta Laxness áður en hann gerði einhvers konar útúrsnúning á fyrsta erindinu og síðan, mörgum áratugum seinna, langan spuna á þeim sem eftir komu og var það unnið í samvinnu við Súkkat.¹⁵ Lögin við *Kvæðakverið* voru öll samin áður en Megas komst á fermingaraldur. Um það leyti hóf hann svo sjálfur nám hjá sama kennara og Einar bróðir hans. Minna fór fyrir ástunduninni og samviskusamlegum æfingum hjá honum í náminu en Megas uppgötvaði þarna trixín eins og hann kallar það, en þau voru ein af grunnstoðunum í menntun hans sem tónlistarmanns á þessum tíma ef marka má hans frásögn.¹⁶ Hann safnaði trixunum í sarpinn og byggði á þeim, þegar hann fór að semja lög.

Ég spilaði alla aðra hluti heima en mér voru settir fyrir. Ég skákaði í því skjólinu að ég væri að æfa mig. Þegar ég var þungur í skapi og eitthvað leiður þá spilaði ég einhverjar rosalegar raðir af mishljómum og hljómaði eins og djöfullinn sjálfur, en ég var í skjóli, ég var verndaður. Ég var að æfa mig og það sem ég græði á músíkinni sem ég “á” að vera að æfa er, að ég sé trixín. Músíkin sem ég á að vera að æfa er gagnleg að því leyti að ég sé alltaf trixín í nótnum. Ég les þær til að sjá út hvernig menn fóru að og sé til dæmis, að bassanum er það ekkert nauðsynlegt að vera skyldur tóntegundinni sem diskantinn er í. Athyglisbresturinn var þannig hjá mér að trixín voru það eina sem hékk inni þegar ég var að læra þau. Svona fátánleg trix eins og að fara úr bes í gegnum E-sjöundina sko og upp í F. Þetta eru svo óskyldar tóntegundir. Þessi absúrdustu trix eru þau sem eru svo góð sko. Gamli skríðurinn er dæmi um það hvernig maður notar mænör fjórhljóminn og hvað hann getur verið svona lítið sentímental. Og svo skapast aðstæður þar sem hann leysist upp í einhverja viðurkennda sjöund. Þetta er nú meira svona fiftís dæmi heldur en það er í dag.¹⁷

¹⁵ Viðtal MKB við Megas í október 2012

¹⁶ Viðtal MKB við Megas í október 2012

¹⁷ Viðtal MKB við Megas í október 2012

gamli skrifurinn A5

untró G dum/a dum/c dum/d D⁷/q^b/b G

(A) G /d dum/e G/d G⁶ /d f¹dum D⁷ D⁷/d G/d G /#

Em Em⁷/g A 7 D D⁴/7 D⁷ (B) dum/e G/d G⁶ /d

f¹dum/d D⁷ D⁷/d Em/d C #dum/a Am⁷/e D⁷ D⁶/7 G/h /g

(C) Am⁷ Am /6 D⁷ D⁷sus4 G /d E⁷ /h

Am/6 D⁴/7 D⁷ G⁶ /d (D) Am⁷ Am /6 D⁷ sus4

G /# Em E⁷ A 7 D⁶ D⁴/7/a D 7

(E) G d H⁷ G /g D⁷ G/e C #dum/a D⁷/4D

G/e /d coda

nu Gmaj7 amp.

„Gamli skríðurinn“ hafði alltaf þennan texta og varð þannig til að ég var svona með barnatrú og gerði díl við Drottinn að ef hann sæi til þess að mér auðnaðist að fá að heyra lagið „Poor boy“ með Elvis Presley einhvers staðar í einhverri hljómplötuverslun, því ég kom gjarnan inn í hljómplötuverslanir, ætlaði að kaupa plötu, var ekki viss um hvað ég ætlaði að kaupa og fékk þá að prófa nokkrar. En þennan dag var „Poor boy“ ekki til. Ég hafði lofað honum, Guði al-máttugum öllu fögru og svo þegar hann brást mér, þá gerði ég honum einhverjar skammir og ein af skömmunum var sú að gera ljótt lag, það var sko lag með mishljómum og djöfulsskap. Og það var líka samið við sálm, „Faðir andanna“. Lagið var sem sagt samið, Drottni til háðungar. Það er djassaðra en „Gamli sorrý Gráni“ og það var djassinn í því sem mér fannst bita grimmt í Guð. Ég er ekki fermdur þegar þetta er samið.¹⁸

Þarna varð til tónsmíð sem samin var í sérstökum anda, við sálmalag. Mishljómarnir sem Megas talar um og eiga eftir að koma meira við sögu, spruttu fram við þessar aðstæður, þeir brutust fram þarna, í samræðunni við Guð.

Þegar komið var svo fram á unglingsár urðu í þessu ferli sem þarna er hafið, ákveðin skil. Megas tengir það brotthvarfi Elvis Presley í herinn árið 1958, að hann upplifði sig eins og munaðarlausan og fann þá helst hald í klassískri tónlist sem hann tók að stúdera grimmt á þessum árum, þá aðallega Bach og Beethoven. Einnig kynnti hann sér vel skandinaviska þjóðlagatónlist og bandaríska alþýðutónlist, meðal annars tónlist eftir Stephen Foster.¹⁹

Í einhverju unglingsdrama þá brenndi ég allar nótur sem ég hafði skrifað fram að því. Ákvað bara að lív it bíhænd en mörg af þeim lögum kunnir ég og þegar ég var kominn til meira vits síðar, þá skrifaði ég þau aftur niður. Svo er ég í menntaskóla og búinn að brenna allt heila draslið en píanóið er þarna ennþá. Þá fer ég að spila svona eitthvað svona á daginn eins og ég væri að skrifa í dagbók, skrifa það niður og athuga hvaða sýstem væri í þessu spilverki mínu og kemst að því að allt byggðist það á mishljómum, að stríðari tónbil leystust upp í aðeins óm-blíðari, en þó stríð. Og ég fer að gera kerfi úr þessu og þegar ég verð stúdent þá klára ég tón-fræðibókina mína, Gradus ad Parnassum, Skrefið upp á Parnassushæðina. Yfirskriftin var „Mishljómasamstæður“. Þar var tónika, endatónn, alltaf tvíund. Það var mildasti mishljómur-inn, heimatöntegundin. Maður var kominn heim þegar það var orðin tvíund.²⁰

Megas gekk í Fílharmóníukórinn á þessum árum sem Róbert Abraham Ottósson stjórnaði og varð það tímabil honum afar lærdómsríkt. Hann fór að stúdera partitúra og æfingarnar með kórnum voru ungum pilti „inspirerandi“. Sú staðreynd að syngja bassarödd í kór og kennslan sem fór fram hjá Róberti hvað varðar lestur á partitúrum og raddbeitingu svo takast mætti á

¹⁸ Viðtal MKB við Megas í október 2012

¹⁹ Viðtal MKB við Megas í október 2012

²⁰ Viðtal MKB við Megas í október 2012

við verk eins og 9. sífóníu Beethovens varð mikil upplifun fyrir Megas.²¹ Að gegna fyrir-
mælum, sem ekki var nú alveg samkvæmt innsta eðli títtnefnds listamanns, að vera hluti af
heild í jafnstórbrotu gangverki eins og þessu jók skilning hans til muna og má ætla að þetta í
bland við myndlistina sem hann var farinn að ástunda aftur af krafti í menntaskóla sem og
textagerð hafi haft mikil mótunaráhrif á þennan unga listamann sem þarna var að vaxa upp og
þroskast. Á svipuðum tíma eða um '61-62 stundaði Megas líka nám í tónfræði við Tónlista-
skóla Reykjavíkur en að eigin sögn tók það nám fljótt af því að hann fann í tímum að hann
kunni þegar það efni sem verið var að kenna.²²

Af þessu má sjá að ræturnar liggja víða hjá Megasi. Hann sér kveikiþræðina í ólíkum kimum,
hann er ekki skólaður til tónlistar nema á sínum eigin forsendum. Er ekki blindhlýðinn. Hann
gleypir ekki við viðtekinni aðferðafræði um hvernig nema skuli hlutina. Megas eins og leggur
leið sína í upphafi út frá „varíasjóninni“ í hinu skrifaða orði Laxness, með upplifun af
„performansi“ Presleys og stígur í samræðunni við Guð, inn í veröld sinna eigin mishljóma.
Það er eins og athyglisbresturinn hafi haft þau áhrif að það sem við almennt köllum „lógík“
brotnar upp og nær að ryðja brautir inn í annars konar regluverk, eigið regluverk. Það að hann
treystir á innsæi sitt skapar honum sjálfstæði sem kostar sitt en það sem hann lærir er það sem
hann sjálfur velur sér til gagns. Hvort sem um er að ræða tónlist, myndlist eða orðlist. Allt
tekur þetta sér pláss í mishljómi hins unga manns. Má vera að þarna sé að verða til, sjálfur
„mishljómurinn“ í íslensku tónlistarlífi?

3. Tónsmíðarnar

3.1 Aðferðafræði

Hægt er að skipta tónsmíðum Megasar gróflega í tvo meginflokka hvað aðferðafræðina varð-
ar. Annars vegar eru lögin laglínusmíðuð, kontrapunktíst samin og hins vegar er það rokkið
og blúsinn sem er allt önnur aðferðafræði og lýtur fyrirframgefnum lögmálum. Aðferðafræði
listamannsins við tónsmíðarnar eru forvitnilegar. Þær eru samofnar textunum að miklu leyti,
lag og texti verður yfirleitt til í samfloti við hvort annað. Hugmynd kemur að texta eða lagi,
hún er negld niður í ákveðið form og eftir það er það formið sem ræður ef marka má orð tón-

²¹ Viðtal MKB við Megas í október 2012

²² Viðtal MKB við Megas í október 2012

skáldsins.²³ Oft er það þó efni textans sem ákvarðar áferð lagsins, innan ákveðinna marka. Hann setur sér skýr mörk að eigin sögn.

Það er eitthvað sem rímar eða eitthvað sem kyrfilega órímar. Til að mynda blítt lag fer við kannski frekar ómstríðan texta sko og öfugt. Þegar ég geri texta og bind hann niður með einhverjum tónum, þá er ég kominn með formið. Hugsunin er kannski komin í einhverja línu og þá er það, hvort ég á að skera niður eða auka við til þess að það falli í tónræna hugsun. Þá fer textinn inn í ryþmískt ferli. Já já, ég set mér mörk og bind niður. Og svo bara er að aðlaga. Annaðhvort nóturnar að innihaldi textans eða nú ef það er smellur flott í ryþmann þá verður textinn að beygja sig undir það sko. Tónlistin er búin að beygja sig undir textann og textinn verður að beygja sig undir einhvern ryþma.²⁴

Tónlist Megasar hefur orðið til við allar hugsanlegar aðstæður í gegnum tíðina. Hann semur um hvað sem er, hvenær sem er, setur sér ekki skorður hvað hugmyndirnar varðar, þvert á móti. Allt verður honum að yrkisefni. Hugmynd kviknar og hann skrifar hana niður. Hann semur ekki reglulega á sérstök hljóðfæri þótt fjölmargt hafi að sjálfsögðu orðið til við hljóðfærslátt og þá annaðhvort gítar eða píanó. En yfirleitt skrifar Megas tónlist sína beint niður á blað.

Ef ég á að segja satt og rétt frá, þá er það eiginlega myndlistin í nótunum sem ræður og við erum nú sammála um það, ég og Þórður sonur minn og hann er nú búinn að læra sitt af hverju, að ef eitthvað virkar skondið og skrytið og skemmtilegt á pappírnum, þá hljómar það venjulega skondið og skemmtilega líka. Til dæmis aukakrossar á einhverjum nótum sem skipta miklu máli fyrir tónaröðina. Extra krossar eða afturköllunarmerki. Ég er voða mikið fyrir að setja svona extra krossa. Þá er það bæði sjónrænt skemmtilegt og hljómar skemmtilega. Til dæmis ef F fór í gegnum d-moll niður í E-dúr sko og svo upp í A með ein-hverjum skondnum krossum eða afturköllunarmerki, þá var bara eins og ég hefði himin höndum tekið!²⁵

Myndlist og tónlist tengjast þannig saman hjá listamanninum í bókstaflegri merkingu. Árin 1968, 1970 og 1973 komu út myndskreyttar söngbækur með lögum Megasar. Þetta voru handskrifaðar nótnabækur sem báru heitin *Megas 24.12. 1968*, *Frægur sigur* og *Kominn en fráleitt farinn* og bera þær allar merki þess sem hér hefur verið haldið fram að myndlistin sé honum órjúfanleg hugartenging í tónlistarsköpuninni. Þannig fylgdi hann lögnum sínum úr hlaði í upphafi og gerir enn. Í þessum bókum Megasar er myndlistin veigamikill þáttur og

²³ Viðtal MKB við Megas í október 2012

²⁴ Viðtal MKB við Megas í október 2012

²⁵ Viðtal MKB við Megas í október 2012

birtist ásamt handskrifuðum nótum. Fleiri dæmi eru um slíkar tengingar. Sjá má í veglegri textabók Megasar sem út kom haustið 2012 að ámóta teikningar fylgja eldri og áður óútfnum textum í bókinni. Má vera að þetta sé sýnilegra í fyrri verkum tónlistarmannsins en hefur þó verið, meira eða minna, háttur hans alla tíð. Dæmi um annars konar tengingar eru líka til. Lagið „Krókódílamaðurinn“ er bókstaflega tengdur myndverki.

Textinn er skrifaður til þess að réttlæta eina mynd sem ég gerði upp í Mynd og hand. Ég var í grafík og var að hæðast að þessu sem kallast nýja málverkið. Ég hélt því sem sagt fram að nýja málverkið væri ekki að segja neina sögu. Randomly gerði ég svo mynd af manni í frakka með krókódílahaus og fylgdi henni eftir, síðar meir með sögu til þess að réttlæta hæðnina. Krókódílamaðurinn er sko í E og F, saman, lítil tvíund. Þrjú vers eru alveg í hreinu E svo er það es og E og E og F. Allt tvíundir, þannig að lagið er allt rammfalskt.²⁶

Tvíundirnar mynda sannarlega spennu í laginu þar sem fléttað er saman frásögninni af krókódílamanninum. Lagið er sem sagt þanið til hins ítrasta í sínu „spontaniteti“ með ofurlíttilli hljómrænni hvíld fyrir miðju og við það fléttast hreint út sagt magnaður bassagangur í laginu sem flegnt er í algerlega abstrakt, mishljómandi skala í annarri hverri sönghengingu. Skýrt dæmi um hvernig Megas teiknar lögin stundum upp í samhengi við efni textans og útkoman verður afar myndræn.

Ímyndunaraflinu eru ekki settar neinar skorður þegar kemur að hugarflæði hjá Megasi. Það vefst ekki fyrir neinum sem eitthvað til þekkir að hann hefur vafalaust unnið meðvitað og ómeðvitað að því að ferðast sem víðast og breiðast í hugarflæðinu. Það einkennir hugsunarhátt hans. Hann byggir samt þetta frelsi á afar rótgrónum grunni, hann er meðvitaður um uppruna sinn. Hann er sem sagt afar hefðbundinn og formfastur á sama tíma og hann brýtur upp öll viðtekin form. Þetta einkennir bæði texta hans og tónsmíðar. Hann hugsar lög sín „stradigíst“, notast við gamlar hefðir en getur leyft sér að ferðast að vild innan þess forms sem hann velur sér.

²⁶ Viðtal MKB við Megas í október 2012

3.2 Útsetningar

Jafnvel þótt rokkið sé ævinlega dregið fyrst á flot þegar talað er um áhrifavalda eða rætur tónlistar Megasar þá á stór hluti tónlistar hans sér allt eins stoðir lengra aftur í bandarískri alþýðutónlist og dægur og djasstónlist millistríðsáranna. Þórður Magnússon²⁷ tónskáld og sonur hans, vísar til manna eins og Gershwins í því sambandi. Þórður tók að sér útsetningar tólf laga Megasar sem komu út á disknum *Aðför að lögum* árið 2011 og segir hann lög hans einmitt einkennast af því hve hefðbundin þau séu og þar af leiðandi séu þau mjög skotheld. Þau séu byggð á svo formföstum grunni að þau þoli að ganga í gegnum hvers kyns útsetningar.

Músíkin hans þabba, hún þolir allt í sambandi við útsetningar. Þú getur farið í allar mögulegar áttir því uppbyggingin sjálf gengur alveg upp.

Enda má heyra þetta á útsetningum Þórðar að hann svífst einskis frekar en tónskáldið þegar hans tekst á við lögina. Þenur þau til hins ítrasta og sendir þau í allar hugsanlegar áttir, fullviss um að þau standist átökin. Gaman er að bera saman útsetningu Þórðar á laginu „Sortnar sentrúm“ annars vegar fyrir strengi sem kom út á fyrrnefndum diskum árið 2011 og hins vegar fyrir píanó og flutt var á Miðsumarskammertónleikum í Hörpu 2012. Ofur blæbrigðaríkur flutningur í báðum tilfellum, útsetningin í mögnuðu samtali við laglínuna og heyrir þar vel sem hér hefur verið haldið fram um styrk tónsmíðanna því útsetningar Þórðar eru stórar og margbrotnar. Hljóðheimurinn sem hann notast við í útsetningunum kallar áhrifamátt lagsins sterkt fram þó á gjörólíkan hátt sé. Annars vegar eru það strengjakvintett og Megasar sem kalla fram kviku lagsins og myrka dramatík. Hins vegar hrindir píanóið fram mögnuðum hráleika þess og nánast óræðar djassbylgjur kastast fram án þess að vera fyrirfram hugsaðar eða skrifaðar. Þarna spilar líka inn í mikilvægi „performansins“ hjá Megasi sjálfum og samspil hans við undirleikarana.

Flest lög Megasar eru eins og áður sagði „kontrapunktískt samin eða samin út frá laglínu. Lög eins og „Tvær stjörnur“ er mjög dæmigert kontrapunktískt lag. „Litlir sætir strákar“ „Fátækleg kveðjuorð“ og „Orfeus og Evridís“ eru einnig dæmi um sama stíl.

Vikið hefur verið að formfestu Megasar. Hann er gjarn á að beita þeirri aðferð við tónsmíðar sínar að setja fram formúlu, formúlu sem verður að ganga upp. Stærðfræðileg uppbygging

²⁷ Viðtal MKB við Þórð Magnússon í apríl 2013.

sem ekki er alltaf úthugsuð til að byrja með en undirmeðvitund tónskáldsins virðist vinna að því að allt gangi upp og þar er jú, uppsprettan.

Stundum er það stærðfræðilegt. Stundum verður lagið til án þess að hugsa um stærðfræðina. en svo eru það lög eins og Orfeus og Evridís sem mörgum fannst blasa við sem algerlega spontant og tilfinningaleg laglína, þá er það öðru nær. Þar verður til þar eins og hálfstærðfræðileg formúla, upp og niður, hærra upp og niður þar til hún rúllar alveg niður. Orfeus er mjög stærðfræðilega upp byggt en upplifunin er tilfinningaleg.²⁸

Blúsinn er vissulega einnig sterkur þáttur í „repertoire“ tónskáldsins. Form sem Megas hefur oft og tíðum gengið inn í. Þar er einkennandi eins og annars staðar, að hann heldur af stað innan skýrra marka en brýst út úr forminu oft að því er virðist á hvatskeytlegan hátt. Þegar rýnt er betur í aðferðirnar kemur í ljós að þær eru úthugsaðar frá upphafi til enda. Dæmi um þetta er til dæmis lagið „Birta“ sem kom út á plötu Megasar *Í góðri trú* árið 1986. „Birta“ er blús. Tólf takta blúsformið er venjulegast fjórir taktar á fyrsta sæti, tveir taktar á fjórða sæti, tveir taktar á fyrsta sæti, einn á fimmta svo aftur niður í fjórða, þá fyrsta og endað svo á fimmta sæti til að geta farið annan hring en Birta er blús þar sem engir venjulegir blúshljómar eru til staðar en formið er notað. Nær blúsinn þarna að umbreytast eins og í eitthvert sjálfstætt fyrirbæri, verða blús sem ekki er blús. Blúsáhrifin eru til staðar og þó alls ekki. Þetta er dæmigert fyrir aðferðir Megasar. „Fríða Fríða“ sem einnig er blús en í stað þess að fylgja reglunni um að fara úr fyrsta sæti upp í það fjórða er farið eitthvað allt annað. Megas sjálfur nefnir annað dæmi um blúsferðalag:

Útgáfan af Plastpokablúsnum sem ég spilaði í Austurbæjarbíói '84 sem er á disknum *Megas raular lögin sín*, hún er með rosalega miklum aukahljómunum. Það koma fyrst nokkur erindi bara með einföldum blúshljómum en svo koma þarna alls kyns aukahljómar sem hafa fullt vægi. Það er allt samið og skrifað niður. Þetta varð svo flókið að þeir hljóðfærarleikararnir hættu að spila, en mér tókst einhvern veginn að halda mér eftir [...]²⁹

Megas skrifar sem sagt allt niður, jafnvel innan forms eins og blús þar sem vaninn er annars að einfalt formið haldi sér algerlega og frekar gert ráð fyrir spuna innan blúshljómagangsins sjálfs. Með þessu nær hann að taka formið lengra.

Tónlist Megasar tengist því inn í margar tónlistarstefnur. Hún er frjáls og formföst um leið, tengist eins og komið hefur fram meðal annars inn í bandaríska og skandinavíska þjóðlagahefð, dægurlagahefð, blúshefð og rokk og ról. Megas er laglínumeistari sem skilar þrátt fyrir

²⁸ Viðtal MKB við Megas í október 2012

²⁹ Viðtal MKB við Megas í október 2012

eða hugsanlega einmitt vegna „stradigúnnar“ sterkri tilfinningu til áheyrans. Lög hans eru formföst og byggð upp á „stradigískan“ hátt. Laglínur Mozart hafa komið upp í hugann. Þótt vissulega hafi þeir samið innan gerólíkra formtegunda þá eiga þeir sameiginlegar feiknasterkar dúrlaglínur sem standast öll veður.

Megas iðkar eins og áður segir marga stíla en þeir ganga inn í tónsmíðar hans og umbreytast með þeim. Sú samsuða sem verður til í tónsmíðunum við íslenska og erlenda arfleidd sem og annan íslenskan veruleika og birtist í textum hans gerir það að verkum að hann verður á einhvern hátt ósambærilegur við aðra dægurtónlistarmenn. Hinn afar sterki persónulegi tónn hans skapar þá sérstöðu. Hann hefur á hálfri aldar ferli sínum haft getu og þor til að taka hverjar þær tónlistarstefnur sem honum hugnast og verða á vegi hans og gert þær að sínum. Hann verður endurtekið, í samspili við hvert tímabil sem hann hrærist í, einhvers konar brautryðjandi eða forsprakki.

Megas er nákvæmur þegar kemur að því útlista tónsmíðar sínar fyrir hljóðfæraleikurum en veitir þeim þó ákveðið frelsi þegar fullvissa hefur fengist fyrir því að hlutirnir séu á hreinu. Melódísk nákvæmni er hugtak sem borið hefur á góma þegar talað er um lög hans og hans sérstöðu meðal dægurtónlistarmanna. Hann krefst sömu melódísku nákvæmninnar hjá meðspilurum sínum og þegar hann hefur fengið vissu um að skilningi sé náð virðir hann algerlega hæfileika viðkomandi til túlkunar, nú orðið. Sú var þó tíðin að Magnús skrifaði út gítarsóló fyrir menn en svo er ekki lengur. Útsetningarnar eru ekki lengur algerlega niðurnjörfaðar heldur upplifir hann nú og nýtur „mómentsins“ hjá meðleikurum sínum í æ ríkari mæli.

Fyrsta platan var tekin upp af svona músíköntum sem bara vissu alveg hvað þeir voru að gera og ég var ekkert að segja þeim nákvæmlega, nema frá efni textanna og þeir höguðu sér eftir því. En svo þegar ég fór að gera plötu númer tvö þá var ég með þá bábilju í raun, að ég gæti skrifað allt út fyrir rokkbandið og þegar ég fer að spila með Júdasi þá er ég búinn að skrifa allt! Eins og gítarsólóid á Jónasi Ólafi, var allt skrifað niður. Þeir áttu náttúrulega ekki til orð til að lýsa þessari fásinnu því maður skrifar náttúrulega ekki út neinar rokur upp og niður úr rafmagnsgítar. Afleiðingin var sú að lengi vel voru þetta hallærislegustu sóló veraldar. Það tók mig soldinn tíma að venja mig af þessu en í einhverjum tilvikum náði ég kannski einhverjum góðum línnum sem voru síðan spilaðar á gítar en yfirleitt var þetta þó tóm þvæla að láta þetta upp í hendurnar á einhverjum meistaragítaristum. Málið var, að ég kunnist að lesa partitúra. Og ég hélt að það ætti að vera einhvern veginn samsvarandi í rokkinu. En svona var þetta við lýði fram yfir sjálfsmorðið.³⁰

³⁰ Viðtal MKB við Megas í október 2012

Hér er Megas að tala um plötu sína *Drög að sjálfsmorði* frá 1979. Eftir þá plötu varð ekki einungis hlé á gítarsólóútfærslum heldur urðu þá einnig annars skonar skil. Það varð hlé á tónlistariðkun hjá honum í töluverðan tíma. Hann snéri sér að allt öðrum hlutum, fór í meðferð, vann sem hafnarverkamaður og áfengisráðgjafi, snéri sér að myndlistarnámi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 1985. Hann fylgdist þarna með tónlist utan frá sem áheyrandi og kom svo sem þátttakandi inn aftur, í nokkuð gróskumikið tímabil tónlistarlífs á Íslandi. Þá fór hann að vinna með starfandi hljómsveitum á borð við Kukl og Íkarus.³¹

Megas hefur unnið með fjöldanum öllum af tónlistarfólki í gegnum tíðina. Samvinna við hann þykir eftirsóknarverð. Þeir tónlistarmenn sem undirrituð hefur rætt við ber öllum saman um að samvinna við Megas sé afar lærdómsrík og gefandi. Hann er gjöfull á hugmyndir sínar og mætir hverjum og einum samstarfsmanni á persónulegan hátt. Það má kannski segja að líkt og faðir hans sé hann auðmjúkur kennari af guðs náð. Á undanförunum árum hefur Megas meðal annarra unnið töluvert með gítarleikaranum Guðmundi Péturssyni. Í viðtali sem ég átti við Guðmund³² kemur fram að í samstarfi þeirra hafi alls kyns aðferðir verið viðhafðar við útfærslur tónlistarinnar. Hann veltir vöngum yfir Megasi og aðferðum hans:

Jafnvel það sem maður hefur stundum upplifað og reynt að hann hefur setið inni í eldhúsi og skrifað lagið við textann við eldhúsborðið. Og svo höfum við farið og tekið það upp. Þannig að frumflutningur hans sjálfs á eigin tónsmíð er að eiga sér stað á meðan verið er að taka upp lagið í fyrsta skipti. Þetta er eitthvað sem þú sérð aldrei gerast annars staðar. Það er þetta sem gerir hann svo einstakan að þessu leyti..þessi sko..sem sagt..hvaðan gangverkið kemur sem hugmyndin fer í gegnum. Það er bara allt önnur leið, úr allt öðrum heilastöðvum. Hann er einn af fáum mönnum sem getur samið eins og stórmeistari. Það er svona algerlega vitrænn mekkanismi á bak við það. Algerlega vitræn hugmynd, lógísk hugmynd. En útkoman, eitthvað sem fólk verður svo ofboðslega tilfinningalega snortið af.

³¹ Viðtal MKB við Megas í október 2012

³² Viðtal MKB við Guðmund Pétursson í maí 2013.

3.3 Önnur viðfangsefni

Megas hefur fengist við tónsmíðar í meira en hálfa öld. Að langstærstum hluta við eigin texta en eins og komið hefur fram hefur hann einnig samið tónlist við texta annarra. Ber fyrst að nefna *Passíusálma* Hallgríms Péturssonar sem Megas hefur flutt margoft síðan hann tók að semja við þá tónlist árið 1973. Í viðtali við Árna Óskarsson³³ kemur fram að Megas lítur svo á að *Passíusálmarnir* hafi haft afar mótandi áhrif á hann allt frá barnæsku. Megas er mjög vel að sér að í kveðskap Hallgríms svo það hefur nánast legið beint við að þeirra leiðir myndu liggja saman í listinni. Hann var sér meðvitaður um að sálmarnir hefðu verið samdir upphaflega við lög og fannst eftirsóknarvert að reyna við þá nýjar leiðir í tónsköpuninni. Hann samdi lag við einn þeirra strax árið 1969 og hóf svo að semja lög við sálmana í heild sinni árið 1973 og flutti þau með hljómsveit það sama ár.

Í raun og veru byrjaði ég frekar kæruleysislega á þessu, ég datt eiginlega inn í þetta. Svo fann ég það betur og betur hvað þessir textar pössuðu vel við rokkmúsík. Rokkmúsíkin er margvísleg en hefur ákveðna rýpmíska festu sem samnefnara. Þessir textar eru hreinlega gerðir til slíks flutnings.

Síðan hefur hann eins og áður kom fram flutt sálmana í ýmsum útsetningum, fyrir hljómsveit og hljómsveit og kór.

Megas hefur einnig flutt töluvert af öðrum sálmum í gegnum tíðina. Mögnuð er útsetning hans og flutningur með hljómsveit og kór á sálminum „Hærra minn Guð til þín“ sem hljóðritaður var í Hallgrímskirkju árið 2007. Þar eru minni strengjahljóðfæri látin „glissa“ mikið upp og niður eftir því hvaða sálmalína á í hlut á meðan selló heldur uppi laginu í samspili við söng Megasar og kór. Þetta er eins og Megas segir sjálfur, sannkölluð „Titanic-versjón“ á sálmalaginu og rís þannig sálmurinn upp frá sjálfum sér og upp í hæstu hæðir. Upphafning var orð sem fyrst kom upp í hugann við upplifunina á „performansinum“.

Megas segir ástæðuna fyrir sálmaiðkun sinni annaðhvort vera einhverskonar „yfírbót vegna rokkiðjunnar á vegum satans“ nú eða þá að sálmar hafi bara verið það hægir að honum hafi reynst auðvelt að spila þá á píanóið. Hvort heldur er sannleikanum samkvæmara, má að minnsta kosti segja, að fáum virðist það farast betur úr hendi að koma sálmum til skila en

³³ Árni Óskarsson 1985

Megasi. Sálmar og Megas gæti orðið efni í sérstaka umfjöllun en verða ekki gerð frekari skil hér.

Árið 1986 samdi hann texta við lög í leikritinu *Rauðhóla Ransý* sem sett var upp af *Hinu leikhúsinu*.

Lagið „Baráttukvæði kvenna“ gerði ég við „Pílagrímakórinn“ eftir Wagner, eitthvað sem mörgum þótti mikil smekkleysa. Svo gerði ég lag seinna við textana sem hegðaði sér eins og lagið hans Wagners, var í öðrum ryþma en fór hljómrænt séð eins mikið út úr heimatón-tegundinni eins og lag Wagners en snýr svo heim aftur, eins og textinn gerir þar sem þú ert öllu fróðari um veröldina: „Ég heyri dyn því nú berst til sigurs vort kyn“.³⁴

Þarna er Megas að tala um lag sitt „Eggjun“. Lag sem hann samdi síðar, við textann úr þessu sama leikriti og kom út á plötunni *Fláa veröld* árið 1997. Það voru fleiri lög eftir gamla meistara sem Megas glímdi við í þessu leikverki, til dæmis texti sem hann hafði samið við aríu úr Don Giovanni eftir Mozart. Líkt og hann gerði við Wagner vildi hann skipta á melódíunni síðar og semja sitt eigið lag við textann en það reyndist honum þá öldungis ómögulegt.

Mozart, hann vék ekki burt. Það var engin leið að reka hann burt. Hann var þarna kominn og það var engin leið að losna við hann. Ég söng það svo inn á plötu sem ég gerði með Jóni Ólafssyni.³⁵

Þetta lag Mozarts sem Megas talar þarna um er við texta hans sjálfs og nefnist „Þungur móðurróður“.


Megas samdi lög við texta Þorvaldar Þorsteinssonar í leikriti hans *Lífið, notkunarreglur* sem sett var upp á Akureyri árið 2007.

Þegar ég var að gera lög við textana hans Þorvaldar, þá rambaði ég einhvern veginn á að gera einhver mjög sterk kompós við alla fyrstu parta í línunni. Síðan snéri maður þeim við. Þá var ég voða mikið í speglunum, jafnvel krabbagangi. Þau voru öll sömul stærðfræðilega hugsuð. Textarnir kölluðu einhvern veginn á það. Til dæmis „Lengi skal manninn reyna“ það hreyfir sig alltaf í ferundum, upp og niður og svo gengur það upp. Lagið „Magnlaus“ , jú, það var bara þessi lína og svo fór hún bara öfug aftur á bak, speglaði sig sko. Þá fer lagið upp í aðra tóntegund svona , verður hærra, ég klifraði þannig að það kæmist akkúrat á sama stað og það byrjaði og þá, kom nýr spegill.³⁶

³⁴ Viðtal MKB við Megas í október 2012

³⁵ Viðtal MKB við Megas í október 2012

³⁶ Viðtal MKB við Megas í október 2012



Þessi lög, lögin við Passíusálmana og svo þau sem hann samdi við ljóð Laxness eru einu lögin sem hann hefur samið og flutt við texta annarra.

„Dyndilyndi“ er verkefni sem einnig var utanaðkomandi ef svo má segja og var sýning sem sett var upp á Listahátíð barna í Listasafni Íslands árið 2010. Efniviður sem sprottinn var frá börnum og húbýlum dýra sem þau höfðu hannað þeim til handa. Úr húbýlunum varð þéttbýli þar sem til að mynda steypireyður og kanína bjuggu hlið við hlið.

Ég var fenginn til að vera svona vox animale, að túlka hugmyndir dýranna. Ég hreifst mjög mikið af þessu, að vera svolítið frjáls með dýrin, svo ég útbjó maðkríuna, sem er bæði kría og ánamaðkur. Ég gerði lag um hana út frá hennar sjónarmiðum. Svo er til kvæðið Heiðlóan eftir Jónas Hallgrímsson, sem endar nú heldur illa, alla étíð hafði þá, hrafn fyrir hálfri stundu. Ég bjó því til haflóna. Haflóan lifir yfir sjávarhveli jarðar og þar gerir hún sér hreiður í skýjunum og þar er enginn hrafn til að angra hana.³⁷

Þessi lög höfðu ekki óáþekktan strúktúr og lögin úr leikriti Þorvaldar. Mjög skýr uppbygging og mikið um speglanir. Einnig einkenndi þessi lög tilvísanir í önnur lög, til að mynda vísaði

³⁷ Viðtal MKB við Megas í október 2012

lagið „Uglundur“ í hið þekktu danska lag við texta Stefáns Thorarensen „Ó hve dýrðlegt er að sjá“. Lögin í sýningunni voru samin fyrir ungmeyjakór og flutti Megas þau ásamt kórnum á sýningunni.

Þessi stutta upptalning á nokkrum þeirra verkefna sem Megas hefur unnið að, utan síns venjulega ramma sýnir hve ötull hann er. Hann er alltaf að. Tekur að sér verkefni sem höfða sérstaklega til hans og er örlátur á innlegg sitt, lætur jafnvel ekki staðar numið þegar verkefnum lýkur og heldur áfram að þróa þau líkt og í fyrrgreindum tilfellum.

Megas hefur sjálfur lýst höfundarverki sínu sem einhverskonar kanón þ.e. að það sé til staðar ákveðin heild með sáralítilli þróun eða breytingum sem skipti máli. Spurður að því hvort einhver þráður sé í því sem hann hefur samið svarar hann.³⁸

Nei, ekki prógressívur þráður endilega. Mér sýnist ég ekki hafa neitt, jú kannski að einhverju svolitlu leyti en ekki í neinum stórkostlegum atriðum, orðið neitt færari iðnaðarmaður. Þess vegna geta lög sem ég samdi þegar ég var ellefu ára alveg eins gengið með lögum sem ég samdi þegar ég var fertugur.

Þetta má til sanns vegar færa hvað varðar tónsmíðarnar í það minnsta. Sá tónn sem sleginn var í upphafi hefur haldist nokkuð stöðugur og ekki beinlínis hægt að tímasetja lögina eftir aðferðafræði eða andblæ. Hann spilar einfaldlega ekki mikið á tíðaranda í tónsmíðum sínum. Enda er búskapurinn eftir því. Megas á alltaf til lager af lögum sem hann notast við handahófi á mismunandi tímum og þau virðast vera þess eðlis að þau standast skoðun. Þegar unnið er að nýrri plötu, til að mynda, skjótast upp gömul lög í bland við ný og merkilegt nokk, þau smellpassa oft inn í heildarmyndina. Þetta má kannski skýra með því að hugur tónskáldsins fer víða, á öllum tímum. Hann er staddur í stóru tónlistarlegu samhengi og vilar ekki fyrir sér að vísa í alla hugsanlega tíma. Djörfung virðist honum eðlislæg. Megas leikur sér þannig skipulega með alls kyns form tónlistarinnar og leggur hefðina til grundvallar. Þetta má telja einstakt í íslenskri dægurlagagerð. Guðmundur Pétursson hefur aftur orðið:

Þegar Megas kemur með lag að þá getur bakgrunnurinn eða hugmyndin á bak við lagið komið út úr hverju sem er. Það geta verið svo margar tegundir af hugmyndum og nálgunum á bak við það hvernig eitthvað lag er. Hann gæti verið að skrumskæla annað lag, eða hann gæti verið að skrifa eitthvert stærðfræðilegt tónalt mynstur, nú eða honum hefur dottið í hug bara eitthvað myndrænt. Eða hann hefur ákveðið að hafa lagið eins gamaldags eins og mögulegt er eða

³⁸ Kolbeinn Óttarsson Proppé 2010

ákveðið að hafa það í klassískum stíl eða í gömlum íslenskum dægurlagastíl eða amerískum sveitastíl. Af því flestir íslenskir dægurtónlistarmenn þeir hafa bara svona sinn eigin stíl, þeir gera bara það sem þeir kunna best. Ég held að margir geri sér ekki grein fyrir því að hann er jafnmagnaður komponisti og skáld. Hann er bara meistari í dægurlagagerð.³⁹

Sannarlega hefur Magnús sýnt það með verkum sínum að honum er í lófa lagið að setja sig inn í hvaða stílbragð sem vera vill og skapa tónsmíðar sem standa svo sterkar að þær þola nánast hvaða meðferð sem er. Það er myndbyggingin í tónsmíðunum, sem er svo sterk. Það er myndbyggingin sem skapar nákvæmnina í melódíunni. Hin myndræna hugsun sem byggir á formföstum grunni. Innan stærðfræðilegrar formúlu leikur tónskáldið svo lausum hala, brýtur sér leið út úr rammanum og nær oft miklu flugi líkt og það varði ekkert um lög og reglur, tekur oft það teprulegasta í stíl og formgerð sem fyrirfinnst í tónlist og hikar ekki við að fara með það beint niður í sollinn. Beitir alls kyns brögðum við útsetningar svo áhrifamátturinn verður mikill. Margur hlustandinn finnur fyrir hráleikanum og hrökklast í burtu, vill jafnvel afneita verkinu en verður á sama tíma var við dýptina sem býr ávallt að baki.

Hljóðfærið Megas skiptir höfuðmáli í heildarmynd sköpunarverksins í þessu samhengi . Túlkun hans á eigin tónlist og textum er eins og annað sem hér hefur verið talið til risastórt innlegg í heildarmyndina. Rödd hans sem spannar þvílíka breidd, getur verið svo undurblíð og mjúk að hún vaggar manni varlega til og frá, yfir í að vera svo hæðin og nærgöngul að áheyranda hugnast það eitt að hverfa niður um gólfið umsvifalaust án þess að vita upp á sig nokkurn glæp, og að ekki sé minnst á alþekktan hrjúflekann sem sendir mann uppspenntan á vit hins ókunna æðis sem hver manneskja ber í sér en hræðist að nálgast.

Þrátt fyrir þessar tilraunir hér að framan er í raun ekki hægt að lýsa því með haldbærum orðum hvernig söngvari eða „performer“ Megas er, svo einstakur er hann á því sviði. Velta má fyrir sér hvort galdurinn við framsetningu og flutning Megasar á lögum sínum og þau sterku áhrif sem hann hefur á áheyrendur geti einnig verið fölginn í tengingunni við rímnasöngshefðina. Söngur hans er afar „performatívur“ í sjálfu sér og ekki er mögulegt að líkja honum við nokkurn annan listamann. Hann er og verður sér á báti. Hér hefur áður komið fram að tónsmíðar hans eru sterkar enda hafa margir spreytt sig á flutningi laga hans og komið að útsetningum en fullkomnun verka hans felst þó síðast en ekki síst í flutningi hans sjálfs.

³⁹ Viðtal MKB við Guðmund Pétursson, maí 2013

Það verður svona eins og „fjórða víddin“ í sköpunarverkinu. Guðmundur Pétursson orðar það ágætlega. „Hann er alltaf textinn ef við megum orða það illa ‚í andlitið á þér‘.“⁴⁰

4. Niðurlag

Megas virðist vera skapað að skapa. Hann er sískapandi, hefur alla tíð verið. Honum hefur hlotnast sú gjöf að virkja sköpunarkraft sinn með einstæðum hætti og eljusemi. Nú þegar liggur eftir hann stórkostlegt safn verka. Hann er iðinn við tónleikahald enda er það hluti af sköpunarferlinu. Hvort sem hann fæst við myndlist, tónlist eða ritlist virðist honum umhugað að halda áfram, áfram og hefur hann sjálfur lýst því sem aðferð til þess að „losna undan höfuðkrabbameini“. Það má segja að þrátt fyrir alla þá virðingu sem hann auðsýnir menningararfinum þá tekst honum að umturna honum og ryðja honum nýjar brautir. Hann spyrðir saman hefðbundnar tónsmíðaaðferðir fyrri alda um leið og hann tekur mið af dægurlagatónlist bæði fyrri og seinni hluta 20.aldar. Hann brúar bil milli fortíðar og framtíðar. Hann er kvikur og lítið gefinn fyrir endurtekningar. Hin myndræna „stradigía“ sem hann beitir við listsköpunina og framsetninguna á henni er óútreiknanleg, óræð og að því er sumir telja, allt að því óþægileg. Hann þvingar okkur til að líta á menningu okkar og sögu út frá óvæntum sjónarhornum. Megas nær að vinna með mishljómama á öllum sínum sérsviðum og býr þannig til kontrapunkt við menninguna. Hann er skáld og tónsmiður, listamaður af þeirri stærð sem mun veitast að okkar viðmiðum sem og afkomenda okkar svo lengi sem við lifum og hlustum á hann.

⁴⁰ Viðtal við Megas í október 2012

Heimildaskrá:

Árni Óskarsson. (1985). Þjóðviljinn, 31. mars, bls. 10

Kolbeinn Óttarsson Proppé. (2010, maí). Eins og hver annar iðnaðarmaður. Sótt 30. apríl af www.visir.is

Páll Baldvin Baldvinsson. (2012). Kiljan. *Ríkisútvarpið, sjónvarp*. 21. nóvember

Þórunn Valdimarsdóttir- Megas. (1990). *Sól í Norðurmýri*. Forlagið, Reykjavík.